

## Umsögn Akureyrarbæjar um drög að reglugerð um um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir

### Almennt

Í reglugerðinni er ekki fjallað um aðkomu barnaverndaryfirvalda að vistun þeirra barna sem um ræðir. Spyrja má hvort barnaverndaryfirvöld eigi að hafa hlutverki að gegna í aðdraganda vistunar, sem samstarfs- eða samráðsaðili. Mál barna með miklar þroska- og geðraskanir eru oft á borðum barnaverndarnstarfsmanna og –nefnda áður en til álita kemur að vista þau utan heimilis.

Ennfremur þykir undirrituðum vanta viðmið um það hvernig sérfræðingateymið metur þörf og tilefni til vistunar utan heimilis og hvort önnur úrræði hafi verið fullreynd.

### Um einstakar greinar

Í 1. grein um gildissvið er kveðið á um að „*Gerð og rekstur sérstaks húsnæðis fyrir barn skal byggja á reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, nr. 370/2016, eftir því sem við á og ákvæðum reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010, eftir því sem við á*“. Bent er á að mörg ákvæði reglugerðanna miðast við að um sé að ræða fullorðinn, sjálfráða einstakling í eigin íbúð. Ákvæði reglugerðanna eiga því misvel við um aðstæður barna í búsetuúrræðum.

2.-4. mgr. 1. gr. eru ekki í samræmi við yfirskrift greinarinnar og ættu betur heima í kaflanum um framkvæmd þjónustu.

Í b-, d-, g- og h-lið 3. gr. um skilgreiningar er vísað til „ungmenna“. Reglugerðarheimildin í 21. gr. laganna stendur „*Ráðherra skal, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks, setja reglugerð um vistun barna utan heimilis samkvæmt þessari grein*“. Heimildin nær því aðeins til barna. Bent er á að við 18 ára aldur öðlast einstaklingurinn fullan rétt samkvæmt almennum reglum um þjónustu við fullorðna og því er ekki þörf á sérstökum reglum fyrir þessa einstaklinga.

Ákvæði 7. greinar um að leigusamningar við ungmenni sem búa áfram á heimili sem það hefur verið vistað á sem barn skuli að jafnaði vera til þriggja ára að lágmarki er takmarkandi. Ýmsar aðstæður geta orðið þess valdandi að áframhaldandi búseta sé æskileg í skemmri tíma, t.d. ef unnið er að varanlegu búsetuúrræði fyrir þann einstakling sem um ræðir.